

Félagsráðgjafardeild  
Háskóli Íslands

Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2020

**Efni : Drög að frumvarpi til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.  
151. löggjafarþing 2020–2021.**

**Stjórnarfrumvarp.**

Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna ofangreindra frumvarpsdraga.

Því ber að fagna að sett séu skýr lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála einkum þeirra sem taka til þjónustu sem er veitt á grundvelli barnaverndarlaga og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

*Almennar athugasemdir*

Hér eru eingöngu gerðar þær athugasemdir að kveða þurfi enn skýrar á um útfærslu *innra eftirlits* stofnana, rekstur þeirra og þjónustu, sbr. III. KAFLI 11. gr. *Skylda til innra eftirlits*. Hér er meðal annars átt við ákvæði um 1) að tryggja að starfseminni sé stýrt af sérfræðingum með viðeigandi menntun og 2) að þjónusta sem snýr að ungum skjólstaðingum sé unnin af fagfólki með viðeigandi menntun. Auk þess að tryggja að fagfólk uppfylli kröfur um persónulegt heilbrigði, þroska og siðvit og kveðið sé á um með hvaða hætti almennt og sértækt mat á færni þeirra og gæðum þjónustunnar fari fram.

Undirritaðar veita fúslega nánari upplýsingar ef óskað er.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. Félagsráðgjafardeildar HÍ

Sigrún Júlíusdóttir prófessor emeritus  
Guðný Björk Eydal prófessor